



## **8. fundur í aðalstjórn Aftureldingar, miðvikudaginn 12. Mars 2020.**

---

Fundurinn var haldinn á skrifstofu Aftureldingar kl. 18.00

Mættir stjórnarmenn:

Birna Kristín Jónsdóttir (BKJ), Krístrún Kristjánsdóttir (KK), Sigurður Rúnar Magnússon (SRM), Geirarður Long (GL), Gunnar Skúli Guðjónsson (GSG)

Mættir starfsmenn:

Jón Júlíus Karlsson (JJK), framkvæmdarstjóri

### **Dagskrá:**

#### **1. Aðalfundur**

Farið yfir skipulag aðalfundar sem áætlaður er 16. Apríl í Hlégarði. Borist hafa tvo framboð til stjórnar sem er gleðilegt. Fyrirhugaðar eru lagabreytingar sem formaður fer yfir með aðstoð frá Helgu Jóhannesdóttur.

#### **2. Erindi frá knattspyrnu- og blakdeild með að færa aðalfund til októberloka**

Í grunninn erum við sammála að það væri hentugur tími en uppgjörsárinu erum við ekki í stöðu til að breyta eins og er en mælum með að þær deildir sem það kjósa haldi haustfundi til þess að endurskipa í stjórnir fyrir næsta starfsár.

#### **3. Meistaraflokkur kvk í handbolta**

Ráðið er á réttri leið og munu Sigurður Rúnar og Sigurður Hansson sinna gjaldkerahlutverkinu í sameiningu.

#### **4. Covid-19**

Við fylgjum leiðbeiningum frá UMFÍ í einu og öllu eins og samþykkt var á formannafundi.

#### **5. Ráðning framkvæmdastjóra**

Krístrún vék af fundi þar sem hún er meðal umsækjanda.

Formaður og gjaldkeri hafa hitt tengilið okkar hjá Hagvangi og farið yfir ferlið. 49 umsóknir bárust í starfið sem er frábært. Hagvangur mun boða í viðtöl og sjá um faglega umsjón og ráðgjöf með verkefninu. Stefnum á að klára þessa vinnu í mars.

Fundi slitið kl.20:00

Birna Kristín Jónsdóttir ritaði fundargerð.